# Meðlagsúrskurðir 1891-1907

Aðfnr. 3368, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Meðlagsúrskurðir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

Jón Magnússon
bæjarfógeti í Reykjavík
Gjörir kunnugt: Með því að Páll Tómasson sjómaður til heimilis í Skothúsinu hjer í bænum, fæddur 3. ágúst 1888 í Villingaholtsholtshreppi í Árnessýslu, og sveitlægur í sama hreppi, eftir því sem fyrir liggur, verður að teljast faðir að barninu Láru, sem er óskilgetin dóttir Önnu Kristínar Jóhannesdóttir vinnukonu hjer í bænum, sveitlægrar í Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu, og fædd 6. desbr. f. á., úrskurðast hjermeð, að nefndur Páll Tómasson greiði með barni þessu frá fæðingardegi þess 6. desbr. 1908 þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 60 krónur árlega, og skal ársmeðlagið greitt að helmingi 6. júní og 6. desbr. ár hvert. Þannig að greiða ber þegar meðlagið fyrir misserið frá 6. desbr. f. á. til 6. júní þ. á.

Af barnsfararkostnaði greiði hann og þegar 10 krónur.

Meðlag og barnsfararkostnað má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins

Ál. 1343.-
Ál. 1571

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dóms eða sáttar 1. gr. 6., og fátækralögum 10. nóvbr. 1907, nr. 44, 30. gr.

Barnsmóðir eða sá, er annast framfærslu barnsins, samanb. 10. gr. nefndra laga, hefur samkvæmt 9. gr. sömu laga aðgang að dvalarsveit sinni eða framfærslusveit barnsföður.

Úrskurð þenna skulu stefnuvottar birta fyrir nefndum Páli Tómassyni.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli

Reykjavík 5. oktbr. 1909.

J S

Jón Magnússon

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Ár 1909 miðvikudaginn 6. október höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan meðlags úrskurð fyrir Páli Tómassyni í Skothúsinu fyrir honum sjálfum á heimili hans.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

K. Björnsson Páll Árnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Þórðarson

sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

Kunngjörir: samkvæmt beiðni ekkjunnar Guðrúnar Helgu Guðmundsdóttur í Reykjavík er hérmeð úrskurðað að Jón Ólafsson á Kúludalsá, 41 árs að aldri og sveitlægur á Akranesi, skuli gefa með óskilgetinni dóttur þeirra Guðrúnar, Mörtu að nafni, sem er fædd 24. nóv. 1902, 40 - fjörutíu krónur árlega, að telja frá 24. nóv. 1908, til þess er barnið er af ómagaaldri, og er gjalddagi fúlgunnar 24. nóvember ár hvert fyrir hið liðna ár.

Meðlög eftir úrskurði þessum má taka lögtaki; enn þennur á barnsmóðirinn aðgang að dvalarsveit sinni með greiðslu þeirra, sjá fátækralög 10. nóv. 1905.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta nefndum Jóni Ólafssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ókeypis.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
26. júlí 1909.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Sigurður Þórðarson

SYSLA

Árið 1909. 2 dag ágústmánaðar kl. 8
e. h. höfum við undirritaðir eiðsvarnir
stefnuvottar í Reykholtssók birt framanritaðan miðlagsúrskurð Jóni Olafssyni sjálfum frá Kúludalsá sem n
er kaupamaður á Steindórsstöðum
þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og
eigin sigli.
Staddir á Steindórsstöðum dag þann sem áður greinir

Ingólfur Guðmundsson Erlendur Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit:

Amtmaðurinn
yfir
Suður og Vesturamtinu

Kunngjörir: að með því Þórður Bjarnason á Járngerðarstöðum í Grindavíkurhreppi innan Gullbringu og Kjósarsýslu eptir því, sem fyrir liggur, ligi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Sigurðar Markúsar, sem er óskilgetinn sonur Þórunnar Pjetursdóttur á Minniborg í Grímsneshreppi og fæddur 2. júlí 1894, úrskurðast hjermeð, að nefndur Þórður Bjarnason greiði með þessu barni frá 2. júlí 1894 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 40 (fjörutíu) krónur árlega, sem skulu goldnar 2. júlí, - og í fyrsta skipti 2 júlí 1895.

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16 desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. gr og 6 gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla, þangað til barnið er orðið fullra tíu ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hæstarjettar, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 23. júní 1869 um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887 um aðfjr., 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi Hjeraðsvottar birta framannefndum Þórði Bjarnasyni ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellíbrjef 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjef kansellísins 5 desbr. 1820.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli. Skrifstofu Suður og Vesturamtsins.

Reykjavík, 5 septbr. 1895.

J. Havsteen.

L. S.

Rjett eptirrit staðfestir
Íslands Suður- og Vesturamt.
Reykjavík 23 oktbr. 1903.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Magnússon
bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Með því að Konráð Oddsson vinnumaður á Laugavegi hér í bænum, fæddur 21. septbr. 1884 á Vallholti í Rosmhvalaneshreppi í Gullbringusýslu og sveitlægur í nefndum hreppi, hefir eigi synjað fyrir faðerni barnsins Guðmundar Þorsteins, fædds 27. septbr. þ. á., óskilgetins sonar stúlkunnar Friðsemdar Jónsdóttur, sem er sveitlæg í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu, úrskurðast hérmeð, að nefndur Konráð Oddsson greiði með barni þessu frá fæðingardegi þess 27. september 1909, þangaðtil það er fullra 16 ára að aldri, 60 krónur árlega, og skal ársmeðlagið greitt að helmingi 27. septbr. og að helmingi 27. marz ár hvert, í fyrsta sinn 27. marz 1910.

Meðlagið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. gr. 6 og fátækralögum 10. nóvbr. 1905, 30. gr.

Barnsmóðirin eða sá, er annast framfærslu barnsins, skv. 10. gr. nefndra laga, hefir samkvæmt 9. gr. sömu laga aðgang að dvalarsveit sinni eða framfærslusveit barns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fátur..

Úrskurð þennan skulu stefnuvottar birta nefndum Konráði Odelsagni.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík, 11. nóvember 1909.

Jón Magnússon

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Ár 1909 mánudaginn 15 nóvember höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan meðlagsúrskurð fyrir Konráð Odelsagni keirslumanni í húsinu No 8. við Skólavörðustíg fyrir honum sjálfum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

Björnsson    Páll Árnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÚTSKÁLAPRESTAKALL.

Hjer með vottast að barnið Guðrún Árnadóttir 3 ára gömul er á lífi og dvelur hjá móður sinni Halldóru Guðmundsdóttur í Hofi í Útskálasókn.

Útskálum 20. okt. 1911

Kristinn Daníelsson.

Meðtekinn úrskurðar Árna Helgasonar

Rvk. 13/5 1912

Guðrún V. Jónsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úrskurðir sendir frá bæjarfóg.
1871 – [illegible].

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Julius Havsteen,

**amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu**
**riddari af dannebrogsorðunni og dbrm.**

**Kunngjörir:** að með því sjómaður Ólafur Jónsson á Litla Seli í Reykjavík ~~hrepp innan~~ ~~sýslu~~, eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Jóns Alexanders, sem er óskilgetinn sonur Þóru Jónsdóttur á Stóra Seli, og fæddur 1. nóv. 1896 úrskurðast hérmeð, að nefndur Ólafur Jónsson greiði með þessu barni frá 1. nóv. 1896 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 36 ( þrjátíu og sex ) krónur árlega, sem skulu goldnar 1. nóvember ~~og~~ ár hvert ~~með~~ ~~kr. fyrir það missiri~~, sem liðið er.

~~Af barnsfarar-kostnaðinum~~ ~~greiði~~ ~~hann og~~ ~~kr.~~ ~~aur.~~ ~~eigi~~ ~~síðar en~~ ~~næstkomandi~~.

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Ólafi Jónssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 18. okt. 1897

J. Havsteen.

Akureyri 1892. Prentsm. B. Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897 þriðjudaginn hinn 19 októbermánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðan amtsúrskurð Ólafi Jónssyni persónulega á heimili hans.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

J. Björnsson Þorsteinn Gunnarsson

Ávísaðar 16 krónur upp í meðlagið
Borgarstjóri Reykjavíkur, 8 des. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/3-14

Rv. Db. 149/12.

Rv. A.

387/112.

Rv. Db. 419/12

Björgvin Vigfússon
sýslumaður í Rangárvallasýslu
Gjörir kunnugt: Með því að Ólafur Guðbrandsson til heimilis að Stóru-Völlum í Landmannahreppi og fæddur að Görðum í sama hreppi 29. nóv. 1890 og því sveitlægur þar, hefur ekki synjað fyrir faðerni barnsins: Ásmundar Guðrúnar Blomkvist, fæddrar 11. júlí 1911, óskilgetinnar dóttur Guðrúnar Runólfsdóttur Hverfisgötu 19 í Reykjavík og sveitlægrar í Rangárvallahreppi hér í sýslu úrskurðast hérmeð, að nefndur Ólafur Guðbrandsson greiði með barni þessu frá 11. júlí 1911, þangað til það er fullra 16 ára að aldri, 40 krónur árlega og greiðist meðlagið fyrir heilt ár í senn eftir á, í fyrsta skifti 11. júlí 1912 og síðan hvers árs 11. júlí.

Meðlagið má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar 1. gr. nr. 6. og fátækra-

B. Rvk. 239/1912.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-lögum 10. nóv. 1905 30. gr.

Barnsmóðirin eða sá, sem annast framfærslu barnsins sbr. 10. gr. síðarnefndra laga hefur samkvæmt 9. gr. sömu laga aðgang að dvalarsveit sinni eða framfærslusveit barnsföður.

Úrskurð þenna skulu stefnuvottar birta barnsföður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Efra-Hvoli 12. febr. 1912.

Björgvin Vigfússon

Árið 1912 laugardaginn 24 febr. birtum við undirritaðir stefnuvottar í Landmannahreppi framanskrifaðan úrskurð á tilteknum stað, Stóru-Völlum, fyrir húsbónda Ólafs Guðbrandssonar, er var fjærverandi, og lofaði hann að skýra Ólafi frá birtingunni.

Til staðfestu nöfn okkar og innsigli.

Guðmundur Árnason    Kristófer Jónsson (handsalað)

Gjald:

1. Birting Kr. 1.00
2. Ferðapen. - 4.00

Alls Kr. 5.00 - fimm krónur

G.Á. K.J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landmannak. reikn borgad med laugd tíma bilid 11. júlí 1911 – 11. júlí 1912 med kr. 40,00

vottar
Sigurjón Sigfússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nmo N° 602/1903 5/10
-"- -"- 172/1907. 26/2.

# Páll Briem

**amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu**

**Kunngjörir:** að með því að Sigurður Jónsson á Hánefsstöðum í Seyðisfjarðar hrepp innan Norður-Múla sýslu, eftir því sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Þorsteins Baldv. Sigurðar, sem er óskilgetinn sonur Sigríðar Höllu Pálsdóttur á Sandhóli og fæddur 21. oktob. 1900, úrskurðast hérmeð, að nefndur Sigurður Jónsson greiði með þessu barni frá 1. ágúst 1902 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 45 (fjörutíu og fimm) krónur árlega, sem skulu goldnar 1. ágúst ~~og~~ —— ár hvert með 45 kr. fyrir það ~~missiri~~ ár sem liðið er.

~~Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og —— kr. —— aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Sigurði Jónssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, Akureyri, 22. júlí 1903

Páll Briem

Gdj. 415/1903.

Ísaf. 1582-07.

Ad Ísaf. 587-07 Ad Ísaf. 722-07

Bæjarfóg. í Rvík
Dagbók 1907 No. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903 dag 7. nóv. höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Seyðisfjarðarhreppi, birt framanritaðan úrskurð Sigurði Jónssyni á Hánefsstaðaeyri og húsmóður hans ekkjunni Arnbjörgu Stefánsdóttur, að þeim báðum viðstöddum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta eiði okkar. Ár og dag sem áður greinir

Olafur Pétursson
Ingimundur Eiríksson

Borgað meðlag áfallið 31. júlí 1903 – 45 kr –
Páll Einarsson.

Borgað meðlag áfallið 31. júlí 1905 – 45 Kr. –
Sigríður H Pálsdóttir

Meðlag til 31/7 06 greitt. Magnús Torfason
Meðlag til 31/7 07 greitt Magnús Torfason
" " " 31/7 08 greitt Magnús Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik
15. júni 1906

Með þvi að fátækranefndin væntanlega geymir meðlagsúrskurði til handa óskilgetnum börnum, þá sendi jeg nefndinni hjer með meðalgsúrskurð amtsins dags. 7. júli 1901, er skyldar Jón Guðmundsson nú i Norður- Múlasýslu til þess að gefa með syni sinum Óskari Þorgils, en með brjefi dags. 26. f.m. hef jeg tilkynnt fátækranefndinni, að meðlög samkvæmt úrskurði þessum sjeu greidd til 14. des. f.á.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nmo No. 543/1901 10/7
— " — 776/1901 3/12
— " — 77/1903 28/1

Páll Briem

amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu

**Kunngjörir:** að með því að Jón Guðmundsson á Seyðisfirði ~~hrepp innan~~ ——— ~~sýslu~~, eftir því sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Óskars Þorgilsar, sem er óskilgetinn sonur Ingibjargar Jónsdóttur og fæddur 14 des. 1900 úrskurðast hérmeð, að nefndur Jón Guðmundsson greiði með þessu barni frá 14. des. 1900 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 60 (sextíu) krónur árlega, sem skulu goldnar 14. júní og 14 des. ár hvert með 30 kr. fyrir það missiri, sem liðið er. Barnsfaðirinn er fæddur 3. okt. 1875 í Breiðuvík í Reykjavíkursókn

~~Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 16 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og ~~24.~~ 12 jan. ~~1890,~~ 1900 um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Jóni Guðmundssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, Akureyri, 7. júlí 1901.

Páll Briem

Ad Bfg. 1050/1901.

Ad Bæjarfóg. í Rvík. Dagbók 1902 No. 1236.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901 miðvikudaginn 24 júli höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Seyðisfjarðarkaupstað birt samanritaðan úrskurð, þeim Jóni Guðmundssyni og húsbónda hans Þ. Guðmundssyni, lögheimili þeirra hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiðs okkar og staðfestum með nöfnum okkar og signetum.

Gestur Sigurðsson  Jón Sigurðsson

Meðlag borgað til 14. des. 1905. —

Páll Einarsson
settur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki hér í bæ

# Julius Havsteen,

**amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu**
**og riddari af dannebrogsorðunni** og dbrm.

**Kunngjörir:** að með því vinnumaður Tómas Sigurðsson í Reynivöllum í Kjósar hrepp innan Gullbringu og Kjósarsýslu, eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Margrjetar Ágústu, sem er óskilgetin dóttir vinnukonu Halldóru Ólafsdóttur samastaðar og fædd 5. ágúst 1895 úrskurðast hérmeð, að nefndur Tómas Sigurðsson greiði með þessu barni frá nefndum degi og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 36 (þrjátíu og sex) krónur árlega, sem skulu goldnar 5. ágúst ~~og~~ ár hvert ~~með kr. fyrir það missiri, sem liðið er.~~ og í fyrsta skipti 5. ágúst þ. á.

~~Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr: 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Tómasi Sigurðssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 14. júlí 1896

J. Havsteen.

ad Reg. 2478/96.

Ad Bfg. 1200/1900.

Akureyri 1892. Prentari B. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1896 mánudaginn hinn 3. ágúst höfum við undirskrifaðir birt framanritaðan amtsúrskurð fyrir herra vinnumanni Tómasi Sigurðssyni og húsbónda hans síra Þorkeli Bjarnasyni á heimili þeirra Reynivöllum.

p.t. Reynivöllum 3. ágúst 1896

Ólafur Jónsson (Hækingsdal) Ólafur Ólafsson (Vindi)

(Í fjarveru J. Guðmundsson Hækingsdal)

Meðlagið frá 5. ág 1895 – 5. ág 1896 borgað og sent til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Útborgað meðlag frá 5. ág. 1908 til jafnlengdar 1909. til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn

yfir

**Suður- og Vesturömtunum**

KUNNGJÖRIR: að með því vinnumaður Jón Bjarnason

við Lindargötu í Reykjavík

eptir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað

fyrir faðerni barnsins Vilhelms Friðriks

, sem er óskilgetinn sonur Elísabetar

Pétursdóttur á Brekku í Vogum innan

Gullbringu- og Kjósarsýslu

og fæddur 7. sept. 1897 úrskurðast hjer með, að nefndur

Jón Bjarnason greiði með barni

þessu frá 7. maí 1898 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri

40 (fjörutíu) krónur árlega, sem skulu goldnar

7. maí ár hvert, í fyrsta skipti 7. þ. m., og í síðasta

skipti 7. sept. 1913 með 20 (tuttugu) krónum fyrir

misserið frá 7. maí til 7. sept. 1913

~~Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og~~

~~krónur~~ ~~aur., eigi síðar en~~ ~~næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undan-

Ad Bfj. 139/99.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið brjef 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun tjesekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalar- eða framfærslusveit föðurins um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum og fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum

Jóni Bjarnasyni ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellíbrjef 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. desbr. 1820.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

*Skrifstofu Suður- og Vesturamtanna, Reykjavík* 3. marz 1899.

J. Havsteen.

Ár 1899 þriðjudaginn hinn 7 marsmánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaðann amtsúrskurð Jóni Bjarnasyni persónulega á heimili hans. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Þorsteinn Gunnarsson    J. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Foreldrar Vigfús á Reykjum
Helga Nikulásd. ...

# Amtmaðurinn
### yfir
## Suður- og Vesturömtunum

KUNNGJÖRIR: að með því vinnumaður Ólafur Vigfússon í Elliðakoti í Mosfellssveit innan Gullbringu- og Kjósarsýslu eptir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Pálína, sem er óskilgetinn sonur vinnukonu Auðbjargar Guðnadóttur samastaðar

og fæddur 12. des. 1898 úrskurðast hjer með, að nefndur Ólafur Vigfússon greiði með barni þessu frá 12. des. 1898 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 50 (fimmtíu) krónur árlega, sem skulu goldnar 12. des. ár hvert eftir á, og í fyrsta skifti 12. des. 1899.

fædd... í Skipholti 27a.

~~Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og~~ ~~krónur~~ ~~aur., eigi síðar en~~ ~~næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undan-

Skagafjarðarsýsla, Dagbók 1909-514. 7/10 09.
1910-53.
1911-58.
ad Defs-III-46
8/2'04

Bæjarfóg. í Rvík. Dagbók 1906 Nr. 269
B. Rvk. 424/1910

B. Rvk. 619/1910

Akureyri
Dagbok I Nr. 141 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið brjef 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun tjesekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalar- eða framfærslusveit föðurins um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum og fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum

*Ólafi Vigfússyni* ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellíbrjef 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. desbr. 1820.

isinnsigli.

*17. april 1899.*

*J. Havsteen.*

*Við undirskrifaðir stefnuvottar í Leirár- og Melahreppi, höfum birt framanskrifaðan amtsúrskurð fyrir Ólafi Vigfússyni fyr á Elliðakoti í Mosfellssveit, nú um tíma til húsa að Geldingaá í Leirár- og Mela-h[illegible] ollum við í [illegible] þess [illegible], sem vér unnið í [illegible] stefnuvottar og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.*

*Geldingaá 2. ágúst 1899*

*Ólafur Jónsson* *Andunn Vigfússon*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úr bæjarsjóði Reykjavíkur er borgað meðlag með Pálma Ólafssyni

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14/1-04 | fyrir árið sem endar 12. des. 1903 | Kr: | 50.00 | B. Jósefsson |
| 25/6.04 og 24/1.05 | — — — — 12. des. 1904 | — | 50.00 | B. Jósefsson |
| 19/12.05. | — — — — 12. des. 1905 | — | 50.00 | B. Jósefsson |
| 18/12.c 06 | — — — — 12. des. 1906 | — | 50.00 | B. Jósefsson |
| 30/12.c 07 | — — — — 12. des. 1907 | — | 50.00 | B. Jósefsson |
| 8/1.c 09 | — — — — 12. des. 1908 | — | 50.00. | B. Jósefsson |

an 14. ok

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. maí 1906 meðtekið meðlag frá 12/12 1903 - 12/12 1905 = 100 kr.

P. Einarsson.

6/7.° 07. móttekið frá bæjarfógetanum í ~~settu~~ Reykjavík 50. Kr.

Borgþór Jósefsson

14/7.° 08 móttekið frá bæjarfógetanum í Reykjavík —— 50 Kr.

Borgþór Jósefsson.

Meðlag greitt fyrir árið 12/12 1907 - 12/12 1908 með Kr. 50.00

P V Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur